

Samgöngustjóri Reykjavíkur,

Reykjavík, 8. mars 2021

Vegna: Endurskoðaðar reglur um bílastæðakort íbúa í Reykjavík

---

Íbúaráð Vesturbæjar faldi formanni ráðsins að senda skrifstofu samgöngustjóra og borgarhönnunar svar við ósk um umsögn varðandi endurskoðun reglna um bílastæðakort íbúa í Reykjavík.

Stjórn íbúaráðsins lýsti yfir vilja til þess að koma til móts við íbúa sem þurfa vegna vinnu sinnar að vera með atvinnuökutæki auk fjölskyldubíls. Biðjum við að það verði skoðað að gefa fólki möguleika á að fá tvö kort gegn hærra gjaldi ef sýnt er fram á þörf á tveimur ökutækjum á heimili.

Lagt er til að fyrsta klukkustundin (eða hálf tíminn) sé gjaldfrjálst í íbúagötum til þess að liðka fyrir heimsóknnum, eins og tíðkast í mörgum löndum. Til þess má forrita stöðumæla eða notast við bílastæðaklukkur. Lagt er til að gjaldskyldum íbúagötum í 101 sé fjölgað til að draga úr álagi á bílastæði vegna fólks á leið í vinnu í miðborgina sem leggur í hverfinu og verði þeim hvatning til að fara frekar í bílastæðahús og að nota almenningssamgöngur.

með vinsemd og virðingu,

Birgir Jóhannsson, formaður Íbúaráðs Vesturbæjar